

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1906

2016/EES/18/24

frá 22. október 2015

## um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 282/2008 um efnivið og hluti úr endurunni plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE <sup>(1)</sup>, einkum n-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 20. forsendu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/2008 <sup>(2)</sup> kemur fram að samþykkja ætti ákvarðanir um að leyfa endurvinnsluferli fyrir plast í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem lýst er í 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004.
- 2) Í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 282/2008, sem varðar slíkar ákvarðanir, er vísað til 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004.
- 3) Þegar reglugerð (EB) nr. 282/2008 var samþykkt var vísað til reglunefndarmeðferðarinnar, sem komið var á í 5. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB <sup>(3)</sup>, bæði í 3. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004.
- 4) Ákvæðum 11. gr. (3. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 1935/2004 var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 596/2009 <sup>(4)</sup> til að innleiða reglunefndarmeðferð með grannskoðun, sem komið var á í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB, með því að vísa til nýlega viðbættar 23. gr. (4. mgr.) í reglugerð (EB) nr. 1935/2004.
- 5) Að því gefnu að leyfi fyrir endurvinnsluferli á plasti sé gerð með eigin gildissviði, ætluð til framkvæmdar á n-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004, og að nákvæmar viðmiðanir, sem gilda um leyfið, séu settar fram í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 282/2008 ætti reglunefndarmeðferðin, sem vísað er til í 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004, að gilda. Reglunefndarmeðferðin er þó ekki til lengur þar eð ákvörðun 1999/468/EB var skipt út með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 <sup>(5)</sup>. Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 182/2011 er rannsóknarmálsmeðferð viðeigandi málsmeðferð vegna veitingar á leyfi fyrir endurvinnsluferli fyrir plast.
- 6) Aðlaga ætti tilvísunina til samþykktarferlisins í reglugerð (EB) nr. 282/2008.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 282/2008 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 278, 23.10.2015, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/2008 frá 27. mars 2008 um efnivið og hluti úr endurunni plasti, sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli, og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2023/2006 (Stjtið. ESB L 86, 28.3.2008, bls. 9).

(3) Ákvörðun ráðsins frá 28. júní 1999 um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið (Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 596/2009 frá 18. júní 2009 um að laga allmarga gervinga, sem falla undir málsmeðferðina sem um getur í 251. gr. sáttmálanum, að ákvörðun ráðsins 1999/468/EB með hliðsjón af reglunefndarmeðferð með grannskoðun. Aðlögun að reglunefndarmeðferð með grannskoðun — fjórði hluti (Stjtið. EB L 188, 18.7.2009, bls. 14).

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 282/2008 komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ákvörðun, sem beint er til umsækjandans, þar sem leyfi fyrir endurvinnsluferli er samþykkt eða því hafnað.

Ákvæði 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 (\*) gilda.

Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður sem komið var á fót skv. 1. mgr. 58. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 (\*\*). Nefnd sú skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

(\*\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31. 1.2.2002, bls. 1).“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. október 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---